

# Velferð barna í erfiðri stöðu

## Könnun velferðarvaktarinnar vorið 2011

Niðurstöður könnunar



September 2012



Velferðarráðuneyti: Velferð barna í erfiðri stöðu  
September 2012

Útgefandi: Velferðarráðuneyti  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: postur@vel.is  
Veffang: velferdarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneyti

© 2012 Velferðarráðuneyti

ISBN 978-9979-799-57-3

# Efnisyfirlit

---

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>0</b>
<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>2</b>
<b>1 AÐFERÐ OG GÖGN</b> .....	<b>3</b>
1.1 INNIHALD SPURNINGALISTA .....	3
1.2 ÞÁTTTAKENDUR .....	3
1.3 SVARHLUTFALL .....	4
1.4 GAGNAÚRVINNSLA .....	6
<b>2 NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>8</b>
2.1 SPURNING 1: STANDA ÞAU BÖRN SEM BJUGGU VIÐ ALVARLEGAN VANDA FYRIR KREPPU VERR Í DAG? 8	
2.1.1 Heildarsvör á landsvísu.....	8
2.1.2 „Eru börn eða hópar barna í skólanum þínum sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu og standa enn verr í dag?“- Svör grunnskóla .....	10
2.1.3 „Standa þau börn sem að mati heilsugæslunnar bjuggu við alvarlega erfiðleika fyrir efnahagshrunið enn verr í dag?“- Svör heilsugæslustöðva .....	11
2.1.4 „Standa þau börn sem barnaverndarnefndin hafði afskipti af fyrir kreppu enn verr í dag?“ – Svör barnaverndarnefnda .....	12
2.2 SPURNING 2: HVER ER VANDINN OG HVERNIG BIRTIST HANN? .....	14
2.2.1 Aukin fátækt.....	14
2.2.2 Skert þjónusta .....	15
2.2.3 Verri andleg heilsa eða hegðun.....	16
2.3 SPURNING 3: TIL HVAÐA AÐGERÐA ÆTTI AÐ GRÍPA AÐ MATI STARFSFÓLKIS TIL AÐ BÆTA HAG ÞESSARA BARNNA? .....	18
2.3.1 Hugmyndir um aðgerðir eða úrbætur til að draga úr fátækt.....	18
2.3.2 Að standa vörð um þjónustu og hugmyndir til að bæta andlega heilsu og hegðun .....	18
<b>3 ÞAÐ SEM VEL ER GERT</b> .....	<b>21</b>
<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>22</b>
<b>VIÐAUKI</b> .....	<b>23</b>

## Inngangur

---

Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum könnunar um stöðu barna í áhættuhópum á Íslandi sem velferðarvaktin hafði forgöngu um. Velferðarvaktin á rætur að rekja til ársbyrjunar 2009 þegar þáverandi ríkisstjórn samþykkti að stofna sérstaka velferðarvakt sem ætlað var að fylgjast með félags- og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins. Verkefni velferðarvaktarinnar hafa ekki síst falist í að fylgjast með hvaða hópar fólks eru líklegir til að verða harðast úti og leggja fram tillögur að aðgerðum sem ætlað er sérstaklega að mæta aðstæðum þessara hópa.

Í áfangaskýrslu velferðarvaktarinnar frá júní 2011 kemur fram að starfsfólk skóla telji að börnum farnist yfirleitt vel þrátt fyrir hagræðingaraðgerðir stjórnvalda í kjölfar hrunsins. Þó hafa velferðarvaktinni borist ábendingar um að þau börn sem áttu við vanda að stríða fyrir kreppu hafi frekar en önnur börn fundið fyrir afleiðingum hennar. Í ljósi þessara ábendinga ákvað velferðarvaktin að gera könnun á högum þessara barna.

Tilgangur könnunarinnar var þríþættur:

Að afla upplýsinga um hvort þau börn sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu standi verr í dag.

Að afla upplýsinga um hver vandi þessa tiltekna hóps er og hvernig hann birtist.

Að fá tillögur að úrbótum til að bæta hag þeirra barna sem stóðu illa fyrir kreppu og standa verr í dag.

Í byrjun mars 2011 fengu allir grunnskólar, heilsugæslustöðvar og barnaverndarnefndir í landinu send bréf þar sem spurt var um þessi atriði.<sup>1</sup> Svör voru að berast fram til fyrri hluta júlímánaðar. Ingveldur Halla Kristjánsdóttir nemi við Háskóla Íslands var ráðin í tvo mánuði sumarið 2011 til að vinna úr þeim svörum sem bárust og skrifa drög að skýrslu.

Í upphafi skýrslunnar er greint frá helstu niðurstöðum í stuttu máli. Því næst er framkvæmd könnunarinnar lýst og hvernig unnið var úr þeim gögnum sem bárust. Þar á eftir er greint frá svarhlutfalli grunnskóla, heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda eftir landshlutum og á landsvísu. Að því loknu eru niðurstöður kynntar og endað á örstuttri samantekt úr því sem fram kemur.

---

<sup>1</sup> Sjá bréf í viðauka.

## Helstu niðurstöður

---

Spurningarnar voru sendar til 178 grunnskóla. Af þeim 122 skólum sem svör bárust frá, svöruðu forsvarsmenn 33 skóla játandi að börn sem bjuggu við vanda og erfiðleika fyrir kreppu standi enn verr í dag. Allir þessir skóla nema einn eru í þéttbýli.<sup>2</sup> Hlutfall barna sem stunda nám í þeim skólum sem svara játandi er 42% af heildarfjölda þeirra barna sem stunda nám í þeim skólum er svara.

Heilsugæslustöðvar á landinu töldust vera 58 talsins þegar könnunin var gerð. Þær eru ýmist reknar sem hluti af stærri heilbrigðisstofnun eða sem sjálfstæð stofnun. Alls bárust 28 svör frá heilsugæslustöðvum sem teljast ná til allra heilsugæslustöðva á landinu. Þar af svöruðu 11 stofnanir að börn sem bjuggu við vanda fyrir kreppu standi verr í dag, en þessar stofnanir þjóna 84% barna á Íslandi.

Öllum barnaverndarnefndum á landinu var sent bréfið en þær voru 30 talsins þegar könnunin var gerð. Af þeim 26 barnaverndarnefndum sem svör bárust frá, svöruðu 12 nefndir að börn sem þær höfðu afskipti af fyrir kreppu standi verr í dag. Hlutfall barna í umdæmum nefnda er svara játandi er 77% allra barna í umdæmum nefnda sem svara.

Ekki kemur fram hjá tæplega 39% svarenda hvort staða barna hafi breyst við kreppuna. Helmingur svarenda segir að börn standi almennt verr og um 32% segja að börn sem stóðu illa fyrir kreppu standi verr í dag.

Niðurstöður könnunarinnar benda til að það séu helst börn á höfuðborgarsvæðinu sem búi við verri kjör nú en fyrir efnahagshrun. Á Suðurnesjum hefur staða barna einnig versnað samkvæmt niðurstöðum en áhrifin virðast fremur mild á Suðurlandi.

Helstu birtingarmyndir vandans sem nefndar voru eru aukin fátækt, skert þjónusta og verri andleg heilsa eða hegðun. Aukin fátækt lýsir sér meðal annars í því að börnin hætta í mataráskrift í skólum, stunda síður íþróttir og tómstundir og eiga erfitt með að taka þátt í félagslífi sem þarf að greiða fyrir. Fram kom að bið eftir úrræðum fyrir börn sem eiga við vanda að stríða væri of löng, einkum aðgengi að geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu. Ýmsir bentu á að eftirspurn eftir þessari þjónustu hafi aukist meðan framboð hafi minnkað sökum þess að jafnmargir eða færri starfsmenn sinna þjónustunni en áður. Einnig kom fram að niðurskurður í skólum hafi bitnað á börnum, meðal annars séu bekkir fjölmennari og dregið hafi úr aðkeyptri sérfræðiþjónustu.

Þegar spurt var til hvaða aðgerða ætti að grípa til að bæta hag þeirra barna sem bjuggu við vanda og erfiðleika fyrir kreppu og stæðu verr í dag kom fram að auka þurfi aðgengi að geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu og að meiri samvinna á milli félagsþjónustu, heilsugæslustöðva og annarra aðila sem vinna að velferð barna geti skilað sér í markvissari og betri þjónustu. Nokkrir nefndu að fjárhagslegur stuðningur gæti hjálpað. Lýst var ánægju á þeim stöðum þar sem unnin hafa verið þróunarverkefni til að bæta þjónustu við börn í vanda sem miða að því að samþætta þjónustu og auðvelda aðgang að geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu.

---

<sup>2</sup> Miðað er við skilgreiningu Hagstofunnar um að byggðarlag með fleiri en 200 íbúa teljist til þéttbýlis, sjá: <http://www.hagstofa.is/vorulyingar/V10174.htm>

# 1 Aðferð og gögn

---

Könnuninni var ýtt úr vör í mars 2011. Áhersla var lögð á að ná góðri svörun og var ítrekað nokkrum sinnum. Síðasta svarið sem tekið var með við gagnavinnslu barst 1. júlí 2011.

Svörin við spurningunum gáfu í senn möguleika á tölfræðilegri úrvinnslu og eigindlegri úrvinnslu þar sem fundinn var sameiginlegur þráður eða þema í svörunum.

## 1.1 Innihald spurningalista

Eftirfarandi þrjár spurningar voru bornar fram, en fyrsta spurningin var örlítið mismunandi eftir því hvort henni var beint til skóla, heilsugæslu eða barnaverndarnefnda:

### *Grunnskólar*

1. Eru börn eða hópar barna í skólanum þínum sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu sem standa enn verr í dag?

### *Heilbrigðisstofnanir/heilsugæslur:*

1. Standa þau börn sem að mati heilsugæslunnar bjuggu við alvarlega erfiðleika fyrir efnahagshrunið enn verr í dag?

### *Barnaverndarnefndir*

1. Standa þau börn sem barnaverndarnefndin hafði afskipti af fyrir kreppu enn verr í dag?

### *Grunnskólar, heilbrigðisstofnanir/heilsugæslur og barnaverndarnefndir.*

2. Hver er vandinn og hvernig birtist hann?
3. Til hvaða aðgerða ætti að grípa að mati starfsfólks til að bæta hag þessara barna?

Í bréfunum var lögð áhersla á að starfsfólk ynni svörin í samvinnu til að tryggja að sem flest börn sem áttu í vanda fyrir kreppu yrðu höfð í huga og að sem flestir starfsmenn sem veita börnum og barnafjölskyldum þjónustu kæmu að vinnslu þeirra. Bréfin eru birt í viðauka.

## 1.2 Þátttakendur

Þrátt fyrir að börnum hafi almennt farnast vel á undanförunum árum voru uppi raddir um að börnin sem áttu við alvarlegan vanda að etja áður en efnahagshrunið gekk yfir þjóðina ættu í enn meiri vanda í dag. Velferðarvaktin ákvað að leita svara hjá þeim sem best þekkja til daglegs lífs barna utan heimila þeirra og ákvað að senda öllum grunnskólum bréf þar sem bornar voru fram þrjár spurningar. Við nánari umhugsun var talið rétt að senda einnig bréf til allra heilsugæslustöðvanna í landinu og að lokum bættust barnaverndarnefndirnar við til að tryggja að könnunin næði einnig til barnanna sem nefndirnar hafa haft afskipti af. Leikskólar eru mikilvægir aðilar í þjónustu við börn en ekki var sent bréf til þeirra. Umfang könnunarinnar var orðið mikið og var óttast að það tæki of langan tíma að ná saman og vinna úr svörum frá þeim, en þeir eru alls 277. Það er á hinn bóginn líklegt að betri mynd hefði fengist ef leikskólarnir hefðu verið með.

Með því að senda spurningarnar á alla grunnskóla, heilbrigðisstofnanir/heilsugæslur og barnaverndarnefndir á landinu var talið að takast mætti að ná til stofnana sem gátu gefið upplýsingar um velferð barna á öllu landinu út frá mismunandi sjónarhornum og aðstæðum barna.

Spurningarnar voru sendar á alla grunnskóla landsins, að undanskildum Alþjóðaskólanum á Íslandi, alls 178 skóla.

Allar heilbrigðisstofnanir á landinu sem eru 15 talsins fengu sendar spurningarnar og forsvarsmenn beðnir að framsenda spurningarnar til þeirra heilsugæslustöðva er undir stofnunina heyra eða svara sjálfir eftir atvikum. Á landinu eru alls 58 heilsugæslustöðvar og 19 heilsugæslusel sem undir þær heyra.

Öllum barnaverndarnefndum landsins, 30 talsins, var einnig sent bréfið.

Talið var að svör grunnskólanna myndu gefa almenna mynd af því hvernig vandi þeirra barna sem stóðu illa fyrir kreppu birtist, en öll börn á aldrinum 6–16 ára eru skólaskyld. Litið var svo á að upplýsingar frá heilsugæslustöðvum og barnaverndarnefndum gæfu nánari upplýsingar auk þess sem þjónusta þeirra tekur til barna á aldrinum 0–17 ára.

### 1.3 Svarhlutfall

Þar sem mismunandi fjöldi barna sækir hvern grunnskóla eða er að baki hverri heilsugæslustöð eða barnaverndarnefnd var ákveðið að við vinnslu svaranna skyldi miða svarhlutfall við fjölda barna að baki stofnun og barnaverndarnefnd. Það er einungis í töflu 5 sem birtir heildarsvör á landsvísi að fjöldi svara er birtur en ekki fjöldi barna að baki. Yfir landið í heild eru hlutföllin áþekkt hvort sem miðað er við barnafjölda eða fjölda svara, en þegar litið er til einstakra svæða getur orðið umtalsverður munur.

Til glöggvunar er hér birt tafla með fjölda barna í hverjum landshluta og hlutfall þeirra af heildarfjölda íbúa.

Tafla 1. Fjöldi barna sem hlutfall af heildarfjölda íbúa, skipt eftir landshlutum.

Landshluti	Fólksfjöldi í landshluta	Fjöldi barna í landshluta	Hlutfall barna af fólksfjölda í landshluta
Höfuðborgarsvæðið	202.341	50.047	24,70%
Suðurnes	21.088	5.914	28,00%
Vesturland	15.379	4.047	26,30%
Vestfirðir	7.137	1.761	24,70%
Norðurland vestra	7.393	1.840	24,90%
Norðurland eystra	29.006	7.547	26,00%
Austurland	12.306	2.532	20,60%
Suðurland	23.802	6.729	28,30%
Alls	318.452	80.417	25,30%

Upplýsingar fengnar á vef Hagstofu Íslands yfir heildarmannfjölda í hverjum landshluta miðað við skipan sveitarfélaga 1. janúar 2011.<sup>3</sup>

Samkvæmt töflu 1 búa 62% barna landinu á höfuðborgarsvæðinu og þar sést einnig að hlutfallslega búa flest börn á Suðurlandi og Suðurnesjum, en hlutfallslega fæst á Austurlandi og er munurinn töluverður.

Í töflu 2 er borið saman svarhlutfall grunnskóla, heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda í hverjum landshluta miðað við fjölda barna á bak við svörin.

<sup>3</sup> <http://hagstofa.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>

Tafla 2: Svarhlutfall grunnskóla, heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda miðað við fjölda barna á bak við svörin flokkað eftir landshlutum.

Landshluti	Svarhlutfall af heild, grunnskólar	Svarhlutfall af heild, heilsugæslan	Svarhlutfall af heild, barnavernd
Höfuðborgarsvæðið	69,9%	100,0%	85,5%
Suðurnes	85,6%	100,0%	100,0%
Vesturland	100,0%	100,0%	69,5%
Vestfirðir	80,5%	100,0%	100,0%
Norðurland vestra	76,0%	100,0%	100,0%
Norðurland eystra	61,7%	100,0%	100,0%
Austurland	60,9%	100,0%	100,0%
Suðurland	68,5%	100,0%	80,5%
Alls	<b>71,7%</b>	<b>100,0%</b>	<b>87,8%</b>

Svarhlutfall grunnskóla var reiknað á landsvísu og milli landshluta út frá upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga,<sup>4</sup> um skiptingu sveitarfélaga á milli landshluta, og Hagstofu Íslands. Svarhlutfall í grunnskólum með hliðsjón af fjölda barna miðast við öll börn sem ganga í grunnskóla á Íslandi og var reiknað út frá fjölda barna sem skráð voru í hvern skóla á landinu í haustbyrjun 2010.<sup>5</sup> Ágætis svarhlutfall náðist en svör bárust frá 122 skólum með 30.638 nemendum, sem er 71,7% svarhlutfall miðað við fjölda barna.

Svarhlutfall heilsugæslustöðva miðast við öll börn á landinu á aldrinum 0–17 ára, 1. janúar 2011 og var reiknað út frá lista frá Embætti landlæknis yfir upptökusvæði heilsugæslustöðva eftir póstnúmerum. Sá listi er ekki aðgengilegur á Netinu en upplýsingar um fjölda barna á aldrinum 0–17 ára sem búa í hverju póstnúmeri voru fengnar hjá Hagstofu Íslands.<sup>6</sup> Heilsugæslustöðvar eru ýmist reknar sem hluti af stærri heilbrigðisstofnun eða sem sjálfstæð stofnun. Í viðauka er kort af heilsugæslustöðvum og heilbrigðisumdæmum á Íslandi. Í einu tilfelli nær umdæmi heilbrigðisstofnunar yfir tvö svæði, sbr. landshlutaskipanina sem fram kemur í töflu 1 og notuð er til grundvallar við úrvinnslu svara í könnuninni. Er um að ræða heilsugæslustöðina á Hvammstanga sem tilheyrir Heilbrigðisstofnun Vesturlands en Hvammstangi tilheyrir á hinn bóginn Norðurlandi vestra og flokkast því svör frá heilsugæslustöðinni á Hvammstanga með svörum frá Norðurlandi vestra. Í bréfi til framkvæmdastjóra heilbrigðisstofnana var lögð áhersla á að svörin væru unnin í samráði við sem flesta starfsmenn en ekki var gerð krafa um að hver og ein heilsugæslustöð svaraði. Misjafnt var hvort svörin frá heilbrigðisstofnunum voru sundurliðuð fyrir hverja heilsugæslustöð eða sameiginleg fyrir allar. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins gaf til að mynda eitt svar fyrir allar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu sem eru 17 talsins en í umdæminu búa um 60% allra barna á landinu. Svárið náði einnig til heilsugæslustöðvanna í Salahverfi í Kópavogi og Lágmúla í Reykjavík sem eru sjálfstætt starfandi. Heilbrigðisstofnun Vesturlands, með átta heilsugæslustöðvar og tvö heilsugæslusel, og Heilbrigðisstofnun Suðurlands, einnig með átta stöðvar en eitt sel, gáfu svör frá hverri heilsugæslustöð, með einni undantekningu þar sem heilsugæslustöðvarnar á Hellu og Hvolsvelli svöruðu saman fyrir Rangárþing. Má því segja að nákvæmari svör hafi fengist af stöðu barna í þessum landshlutum. Eitt svar barst frá öðrum heilbrigðisstofnunum eða heilsugæslum á landinu óháð fjölda stöðva sem þeim tilheyra. Í öllum tilfellum svöruðu heilsugæslustöðvar fyrir

<sup>4</sup> <http://www.samband.is/sveitarfelogin/>

<sup>5</sup> Upplýsingar fengnar af vef Hagstofu Íslands yfir fjölda barna eftir skóla haustið 2010

<http://hagstofa.is/?PageID=781&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO02102%26ti=Grunnsk%F3lanemendur+eftir+bekkjum+og+sk%F3la+2001%2D2010++++%26path=../Database/skolamal/qsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>

<sup>6</sup> <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN03200%26ti=Mannfj%F6ldinn+eftir+p%F3stn%FAmerum%2C+kygni+og+aldri+1998%2D2011++++%26path=../Database/mannfjoldi/Byggdakjarnarhverfi/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>



heilsugæsluselin sem eru nokkurs konar útstöðvar aðalstöðva. Samtals bárust 28 svör frá heilsugæslustöðvum og heilbrigðisstofnunum sem teljast ná til allra heilsugæslustöðva á landinu og hægt er að segja að svarhlutfall hafi verið 100%. Það að í sumum tilfellum barst eitt sameiginlegt svar fyrir fleiri en eina heilsugæslustöð sem ná yfir mismunandi svæði, rýrir vægi niðurstaðna frá heilsugæslustöðvum þrátt fyrir 100% svarhlutfall, þótt ekki sé ástæða til annars en að greina frá þeim.

Svarhlutfall barnaverndarnefnda, líkt og heilsugæslustöðva, miðast við öll börn á landinu á aldrinum 0–17 ára, 1. janúar 2011, reiknað á landsvísu og milli landshluta út frá upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga,<sup>7</sup> um skiptingu sveitarfélaga milli landshluta, og Hagstofu Íslands. Kort af barnaverndarnefndum má sjá í viðauka. Svarhlutfall hjá barnaverndarnefndum var miðað við fjölda barna í hverju barnaverndarumdæmi. Í viðauka með ársskýrslu Barnaverndarstofu frá 2009<sup>8</sup> kemur fjöldi barnaverndarnefnda á landinu fram og hvaða sveitarfélög eigi aðild að hverri nefnd. Fjöldi barna í umdæmi hverrar nefndar var fenginn með því að fara á vef Hagstofu Íslands og kalla fram fjölda barna í hverju sveitarfélagi á aldrinum 0–17 ára í byrjun janúar 2011. Síðan var lagður saman barnafjöldi í þeim sveitarfélögum sem heyra undir sömu barnaverndarnefnd til að fá heildarfjöldann. Þar sem barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda tilheyrir bæði Vestfjarðum og Norðurlandi vestra var talið hve mörg börn búa Vestfjarðamegin og hve mörg búa í sveitarfélögum sem tilheyra Norðurlandi vestra. Með því móti var hægt að fá hreint svarhlutfall fyrir hvorn landshluta. Svarhlutfall barnaverndarnefnda er vel viðunandi en svör bárust frá 26 nefndum af 30 með samtals 70.615 börnum af 80.417 sem er 87,8% svarhlutfall miðað við fjölda barna á barnaverndarsvæðunum.

## 1.4 Gagnaúrvinnsla

Úrvinnsla gagna tók mið af því að könnunin var í senn eigindleg og megindleg. Hún var eigindleg að því leyti að spurningarnar gáfu tilefni til fjölbreyttra svara, einkum spurning 3, en þær gáfu engu að síður tækifæri til tölfræðilegrar úrvinnslu og niðurstaðna. Samhliða voru þemu unnin úr svörum að hætti eigindlegrar aðferðar.

Eitt af meginmarkmiðum könnunarinnar var að fá svör við því hvort börn sem stóðu illa fyrir kreppu stæðu verr í dag. Eftir að hafa rýnt í gögnin var svörum allra þátttakenda skipt í fjóra flokka með tilliti til hversu alvarlegar afleiðingar þeir töldu kreppuna hafa haft á börn. Þessir flokkar eru:

1. Ekki kemur fram hvort börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standi verr í dag.
2. Börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standa ekki verr í dag en börn standa almennt verr.
3. Börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standa verr í dag.
4. Börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standa verr í dag og börn standa almennt verr.

Í kafla 2.1.1 er gerð grein fyrir niðurstöðum svara fyrir landið í heild. Síðan eru niðurstöðurnar þrengdar við flokka 3 og 4, þ.e. svör þeirra sem segja að börn sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu standi verr í dag, en um það snerist könnunin fyrst og fremst.

Við vinnslu niðurstaðna fyrir aðra 2. og 3. spurningu var unnið úr svörum frá þeim sem svoruðu 1. spurningu játandi. Í svörum voru svipuð atriði oft orðuð á ólíkan hátt og misjafnt hve ítarlega var gerð grein fyrir verri stöðu barna. Einnig var afar misjafnt á hvað var lögð áhersla. Sumir töluðu um verri fjárhagslega stöðu meðan aðrir lögðu áherslu á skerta þjónustu eða geðrænan eða félagslegan vanda. Svörin urðu því fjölbreytt.

<sup>7</sup> <http://www.samband.is/sveitarfelogin/>

<sup>8</sup> <http://bvs.is/files/file920.pdf>

Niðurstaðan varð að við úrvinnslu voru svör við 2. spurningu flokkuð í eftirfarandi þemu:

1. Aukin fátækt.
2. Skert þjónusta.
3. Verri andleg heilsa eða hegðun.

Í svörum við 3. spurningu voru nefndar aðgerðir sem lúta að því að bæta úr þeim atriðum sem nefnd voru í 2. spurningu. Því var stuðst við sömu þemu við flokkun svara í spurningum 2 og 3 en þemum var fækkað í tvö í 3 spurningu. Þau eru:

1. Að draga úr fátækt.
2. Að standa vörð um þjónustu og hugmyndir til að bæta andlega heilsu og hegðun.

## 2 Niðurstöður

---

Fyrst er gerð grein fyrir svörum við spurningu 1 um hvort börn sem áttu í vanda fyrir kreppu standi verr í dag. Því næst er greint frá svörum við spurningu 2 um hvernig vandinn birtist. Síðan er fjallað um svör við spurningu 3 um aðgerðir sem gætu bætt hag þessara barna.

### 2.1 Spurning 1: Standa þau börn sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu verr í dag?

Alls bárust svör frá 122 skólum með samtals 30.638 nemendum sem er 71,7% svarhlutfall miðað við barnafjölda í skólunum. Þar af svöruðu skólar með 12.771 barn játandi, að börn sem áttu í vanda fyrir kreppu standi verr að í dag, eða 41,7% þeirra sem svara, miðað við fjölda barna í skólunum.

Eins og áður greinir frá teljast þau 28 svör sem bárust frá heilsugæslustöðvum eða heilbrigðisstofnunum ná til allra heilsugæslustöðva á landinu eða 100%. Svör þeirra sem svöruðu fyrstu spurningunni játandi ná yfir 67.558 börn eða 84,0% barna á Íslandi.

Svör þeirra 26 barnaverndarnefnda sem svöruðu ná yfir samtals 70.415 börn sem er 87,8% svarhlutfall. Þar af svöruðu 12 játandi og ná svör þeirra til 77,1% þeirra sem svara, miðað við fjölda barna á bak við nefndirnar.

Nánar er gerð grein fyrir svörum þeirra sem svöruðu spurningu 1 hér á eftir.

#### 2.1.1 Heildarsvör á landsvísu

Í töflu 5 er miðað við fjölda svara en ekki fjölda barna á bak við svörin eins og gert er í öðrum töflum í þessari skýrslu. Á landsvísu eru hlutföllin áþekkt hvort sem miðað er við fjölda svara eða barna á bak við svörin en þegar litið er til einstakra svæða getur orðið umtalsverður munur.

Tafla 5 lýsir fjölda og hlutfalli grunnskóla, heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda hverra svör voru ýmist flokkuð í eftirtalda flokka, sbr. kafla 1.4.

1. Ekki kemur fram hvort börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standi verr í dag.
2. Börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standa ekki verr í dag en börn standa almennt verr.
3. Börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standa verr í dag.
4. Börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standa verr í dag og börn standa almennt verr.

Tafla 5: Mat starfsfólks grunnskóla, heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda á stöðu barna fyrir kreppu og á þeim tíma sem könnunin var gerð, fjöldi og hlutfall svarenda.

Niðurstaða svara	Grunnskólar	Hlutfall	Heilsugæslustöðvar	Hlutfall	Barnaverndarnefndir	Hlutfall	Heild	Allir hlutfall
1. Ekki kemur fram	55	45,1%	9	32,2%	4	15,4%	68	38,6%
2. Börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standa ekki verr í dag en börn standa almennt verr	34	27,9%	8	28,6%	10	38,5%	53	29,5%
	10	8,2%	3	10,7%	7	26,9%	20	11,4%
4. Börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standa verr í dag og börn standa almennt verr	23	18,9%	8	28,6%	5	19,2%	35	20,5%

Rúm 38% þeirra sem svara treysta sér annaðhvort ekki til að segja til um hvort staða barna hafi versnað við kreppuna eða segja að svo sé ekki. Eftirfarandi kemur fram í svari frá skólastjóra á höfuðborgarsvæðinu:

Það er erfitt að svara þessari spurningu með ákveðnu svari. Ég reikna með að það sé örugglega erfiðara hjá þeim sem bjuggu við bág kjör fyrir kreppu. Þetta kemur reyndar ekki fram í skólanum. Það eru um 90% barna skráð í mat og það hlutfall hefur ekki lækkað. Ef einhver segir sig úr mataráskrift þá reynum við að kanna hvers vegna slíkt er gert.

Það kemur fram í tæplega 30% svaranna að staða barna hafi almennt versnað en staða barna sem stóðu illa fyrir kreppu hafi ekki versnað. Sem dæmi um svar við fyrstu spurningunni og lendir í þessum flokki er svar frá barnaverndarnefnd á Suðurlandi:

Það er erfitt að svara þessu. Tilkynningar sem hafa borist eru af svipuðum toga og áður. Starfsmenn merkja frekar að fleiri fjölskyldur, sama hvort um barnaverndarmál er að ræða eða félagsþjónustumál, sækja eftir stuðningi til að greiða tólmstundir, mótuneyti og leik- og skólaselsgjöld.

Rúm 11% segja að börn sem stóðu illa fyrir kreppu standi verr í dag. Í svari barnaverndarnefndar í þéttbýli kemur eftirfarandi fram:

Tilfinning starfsmanna barnaverndar ... er að þau börn sem nefndin hefur afskipti af í dag standi verr en fyrir kreppu. Heimilisofbeldi virðist starfsmönnum tíðara og drykkja á heimilum meiri. Einnig upplifa starfsmenn fjárhagserfiðleika foreldra meiri og

birtingarmynd erfiðleikanna þannig að börnin stunda síður tómstundir og tónlistarnám er nánast óþekkt hjá þessum hópi barna, tannheilsu er síður sinnt með eftirliti hjá tannlæknum og foreldrar leita síður í talþjálfun og aðra sérfræðiaðstoð með börn sín þegar greiða þarf fyrir hana.

Að lokum nefna rúm 20% svarenda að staða allra barna hafi versnað við efnahagshrunið. Í svari heilsugæslustöðvar á Suðurlandi segir:

Starfsfólk heilsugæslunnar hefur orðið vart við að þau börn sem bjuggu við erfiðar aðstæður fyrir hrun gera það ennþá og í mun meiri mæli núna heilsufarslega. Skólahjúkrunarfræðingar verðar varir við að líkamlegar kvartanir, svo sem höfuðverkur, magaverkur, verkjakvartanir og erfiðleikar við að sofna, eru tíðari núna. Tannheilsu hefur farið aftur sem birtist meðal annars í því að barn sem kvartar um tannverk þarf að bíða þar til eldri systkini hafa farið til tannlæknis vegna fjárskorts. Nesti næringarlega séð er mikið lélegra, svo sem pakkanúðlusúpur til hádegismatar sem er orðin algeng sjón. Tilbúinn hádegisverður virðist síður vera keyptur fyrir börnin. Borið hefur á meiri óhreinindum og lélegra utanumhaldi um börnin. Í ungbarnaverndinni tókum við eftir að inn á heimilin vantar ýmsan nauðsynjarbúnað fyrir ungabarnið, svo sem vagna, bílstóla, þvottavélar o.þ.h. Við tókum líka eftir að úrræðaleysi og framtaksleysi foreldra í erfiðleikum er meira en var og finnum við fyrir uppgjöf á meðal þeirra. Við viljum þó taka fram að hópur þeirra sem á erfitt er orðinn miklu stærri og ekki er einungis hægt að einblína á þau börn sem áttu erfitt áður en hrun varð.

Þannig telja tæplega 39% þeirra sem svöruðu að staða barna hafi ekki breyst við kreppuna eða treysta sér ekki til að segja fyrir um það. Réttur helmingur þeirra sem svara segir að börn standi almennt verr og um 32% segja að börn sem stóðu illa fyrir kreppu standi verr í dag.

### 2.1.2 „Eru börn eða hópar barna í skólanum þínum sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu og standa enn verr í dag?“- Svör grunnskóla

Í töflu 6 sést fjöldi og hlutfall barna sem stunda nám í þeim skólum er stjórnendur telja að bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu standi enn verr í dag, bæði sem hlutfall af þeim sem svara og sem hlutfall af heildarfjölda barna, en skólar með 28,3% barna svöruðu ekki spurningalistanum.

Tafla 6: Grunnskólar sem svara játandi að börnin sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu standi verr í dag, fjöldi og hlutfall barna í þeim skólum sem svara játandi af þeim sem svara.

Landshluti	Fjöldi barna í grunnskólum sem svara játandi	Hlutfall barna í grunnskólum sem svara játandi af þeim sem svara
Höfuðborgarsvæðið	8.198	45,6%
Suðurnes	1.810	67,9%
Vesturland	682	30,4%
Vestfirðir	0	0,0%
Norðurland vestra	0	0,0%
Norðurland eystra	863	33,3%
Austurland	449	44,6%
Suðurland	769	30,0%
Alls	12.771	41,7%

Tafla 6 sýnir að fjöldi barna sem stunda nám í þeim skólum sem svara játandi er 12.771 og er það 41,7% af heildarfjölda þeirra sem svara, en alls stunda 30.638 börn nám í þeim skólum sem svör bárust frá.

Hlutfallið er næsthæst á höfuðborgarsvæðinu. Áhrif kreppunnar á börn sem standa illa koma greinilega fram í grunnskólum á Suðurnesjum en þar er hæst hlutfall skólabarna bak við svör skólanna sem svara því játandi að börnum sem stóðu illa fyrir kreppu vegni verr í dag eða 67,9%. Vesturland lendir í kringum miðju á þessum lista. Kreppan virðist hafa haft minnst áhrif á stóðu barna sem stóðu illa fyrir kreppu á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og eru þau í raun ekki mælanleg samkvæmt svörum grunnskólanna í þessum landshlutum. Á Norðurlandi eystra ganga 33,3% barna í þá grunnskóla sem svöruðu því játandi að börn sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu standi verr að vígi í dag, miðað við fjölda þeirra barna sem standa á bak við svörin. Landshlutinn lendir í kringum miðju miðað við þessa mælingu. Á Austurlandi virðist kreppan hafa komið nokkuð við þau börn sem stóðu illa fyrir eins og sjá má á töflu 6 en á Suðurlandi virðast áhrifin hafa verið fremur væg samkvæmt svörum skólastjórnenda.

Vert er að geta þess að þeir skólar sem svöruðu játandi að börn sem stóðu illa fyrir kreppu standi verr að vígi í dag eru langflestir í þéttbýli eða 32 af 33.

Í svörum fámennra skóla í dreifbýli kom fram í nokkrum tilfellum að góðærið hafi ekki náð til þeirra og þess vegna hafi þeir ekki fundið eins fyrir kreppunni. Þetta kom einnig í ljós í svörum frá nokkrum skólum í þéttbýliskjörnum á landsbyggðinni. Skólastjórnandi á landsbyggðinni tók svona til orða:

Uppsveiflan kom ekki hér og var því hrunið lítið þannig að aðstæður í skólanum hafa lítið breyst.

Annar sagði:

Af þessu má sjá að svæðið er láglaunasvæði og hefur verið það um árabíl, líka fyrir kreppu ... Allir hafa í sig og á, húsaskjól sem er mun ódýrara hér en víða annars staðar, litlar kröfur um ákveðinn klæðaburð eða tilteknar tegundir af sínum, sörpum (I-pod) eða öðru sem börn eiga til að metast um.

### 2.1.3 „Standa þau börn sem að mati heilsugæslunnar bjuggu við alvarlega erfiðleika fyrir efnahagshrunið enn verr í dag?“- Svör heilsugæslustöðva

Tafla 7 sýnir fjölda og hlutfall barna sem heyra undir þær heilsugæslustöðvar sem svara játandi. Þar sem svarhlutfall heilsugæslustöðva var 100% er hér sýnt hlutfall þeirra sem svara játandi af heildarfjölda barna.

Tafla 7: Heilsugæslustöðvar sem svara játandi að börnin sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu standi verr í dag, fjöldi og hlutfall barna.

Landshluti	Fjöldi barna í umdæmum heilsugæslustöðva sem svara játandi	Hlutfall þeirra sem svara játandi af heildarfjölda barna
Höfuðborgarsvæðið	50.047	100,0%
Suðurnes	5.914	100,0%
Vesturland	688	17,0%
Vestfirðir	0*	0,0%
Norðurland vestra	304	16,5%
Norðurland eystra	5.880	77,9%
Austurland	0*	0,0%
Suðurland	4.725	70,2%
<b>Alls</b>	<b>67.558</b>	<b>84,0%</b>

\*Taflan sýnir að engin heilsugæslustöð á Vestfirðum og Austurlandi svarar spurningunni játandi.

Taflan sýnir að 67.588 börn eða 84% íslenskra barna heyra undir heilsugæslustöðvar sem svara játandi að börn sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu standi enn verr í dag.

Hlutfall þeirra sem svöruðu spurningunni játandi er hæst á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum eða 100% í báðum landshlutum. Vesturland lendir í sætinu neðan við miðju á listanum en mikið bil er milli þess og Suðurlands sem lendir ofan við miðjuna. Eins og niðurstöður svara frá grunnskólunum benda til þá virðist kreppan ekki hafa haft áhrif til hins verra á þau börn sem stóðu illa á fyrir kreppu á Vestfirðum. Hvað Norðurland vestra varðar eru áhrifin heldur ekki mikil þar. Norðurland eystra lendir hér í þriðja efsta sætinu og Austurland í því neðsta ásamt Vestfirðum. Þá er Suðurland í fjórða sætinu eins og áður segir. Staðan er alvarlegust á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu samkvæmt svörum.

#### 2.1.4 „Standa þau börn sem barnaverndarnefndin hafði afskipti af fyrir kreppu enn verr í dag?“ – Svör barnaverndarnefnda

Í töflu 8 eru tölur yfir fjölda og hlutfall barna sem eru í umdæmi barnaverndarnefnda sem svara játandi að þau börn sem barnaverndarnefndin hafði afskipti af fyrir kreppu, standi enn verr í dag. Barnaverndarnefndir á svæðum þar sem 12,2% barna búa svöruðu ekki spurningalistanum.

Tafla 8: Barnaverndarnefndir sem svara játandi að þau börn sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu standi enn verr í dag, fjöldi og hlutfall í umdæmi þeirra nefnda sem svara játandi af þeim sem svara.

Landshluti	Fjöldi barna í umdæmi barnaverndarnefnda sem svara játandi	Hlutfall barna að baki barnaverndarnefndum sem svara játandi af þeim sem svara
Höfuðborgarsvæðið	39.012	91,2%
Suðurnes	3.840	64,9%
Vesturland	1.842	65,5%
Vestfirðir	194	11,0%
Norðurland vestra	270	14,7%
Norðurland eystra	7.547	100,0%
Austurland	1.206	47,6%
Suðurland	520	9,6%
<b>Alls</b>	<b>54.431</b>	<b>77,1%</b>

Í töflu 8 má sjá að 54.431 barn eða 77,1% íslenskra barna er í umdæmi þeirra barnaverndarnefnda sem svara játandi að þau börn sem nefndin hafði afskipti af fyrir kreppu standi enn verr í dag.

Sem fyrr lendir höfuðborgarsvæðið ofarlega á listanum eða í öðru sæti en þar er hlutfall barna bak við þær barnaverndarnefndir sem svara játandi 91,2%, sé aðeins tekið mið af fjölda barna í umdæmi þeirra nefnda er svara. Suðurnes raðast í fjórða sætið á listanum. Á Vesturlandi koma áhrifin nokkuð sterkt fram í svörum barnaverndarnefndanna en landshlutinn raðast hér í þriðja sæti. Áhrifin koma síður fram í svörum barnaverndarnefnda á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra sem lenda í sjötta og sjöunda sæti. Á Norðurlandi eystra eru svör nefndanna á svæðinu einróma, að börn sem þær höfðu afskipti af fyrir kreppu standi verr í dag. Austurland er hér í fimmta sæti á eftir Suðurnesjum. Ástandið virðist best á Suðurlandi með hlöðsón af svörum barnaverndarnefnda á svæðinu.

Samkvæmt svörum barnaverndarnefnda á Íslandi telja þær nefndir sem hafa meirihluta barna í landinu í umdæmum sínum að börnin sem þær höfðu afskipti af fyrir efnahagshrunið standi verr í dag.

#### 2.1.4.1 Samantekt á svörum við fyrstu spurningu

Í töflu 9 má sjá samantekt á hlutfalli barna í grunnskólum, í umdæmum heilsugæslustöðva og í umdæmum barnaverndarnefnda sem svara því játandi að börnin sem áttu við alvarlegan vanda að etja fyrir kreppu standi verr í dag miðað við heildarfjölda þeirra sem svara.

**Tafla 9: Hlutfall barna í grunnskólum, í umdæmum heilsugæslustöðva og í umdæmum barnaverndarnefnda sem svara játandi af heildarfjölda þeirra sem svöruðu miðað við landshluta.**

Landshluti	Hlutfall barna í grunnskólum sem svara játandi af þeim sem svara	Hlutfall barna í umdæmi heilsugæslustöðva sem svara játandi af þeim sem svara	Hlutfall barna í umdæmi barnaverndarnefnda sem svara játandi af þeim sem svara
Höfuðborgarsvæðið	45,6%	100,0%	91,2%
Suðurnes	67,9%	100,0%	64,9%
Vesturland	30,4%	17,0%	65,5%
Vestfirðir	0,0%	0,0%	11,0%
Norðurland vestra	0,0%	16,5%	14,7%
Norðurland eystra	33,3%	77,9%	100,0%
Austurland	44,6%	0,0%	47,6%
Suðurland	30,0%	70,2%	9,6%
Alls	<b>41,7%</b>	<b>84,0%</b>	<b>77,1%</b>

Tölurnar í töflu 9 taka mið af fjölda barna bak við svörin en ekki fjölda svara. Hlutfall fjölda barna í grunnskólum sem starfsmenn meta að stóðu illa fyrir kreppu og standa verr í dag er lægst, eða 41,7% borið saman við hlutfall svara heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda. Þar á eftir fylgja svör forsvarsmanna barnaverndarnefnda, 77,1% en hæst er hlutfallið meðal heilsugæslustöðva 84%. Eins og greint var frá í kafla 1.3 þá barst í sumum tilfellum eitt sameiginlegt svar frá mörgum heilsugæslustöðvum sem lúta sameiginlegri yfirstjórn.

Samkvæmt þessum tölum kemur frekar fram í svörum barnaverndarnefnda og heilsugæslustöðva að kreppan hafi haft slæm áhrif á stöðu barna sem áttu í vanda fyrir kreppu en í svörum grunnskólanna.

Sé litið til svaranna með tilliti til svæða virðist ástandið best á Vestfjörðum og næst best á Norðurlandi vestra. Hæst hlutfall þeirra sem svara játandi er á höfuðborgarsvæðinu.



Næsthæsta hlutfallið mælist í svörum frá Suðurnesjum og Norðurland eystra fylgir þar á eftir. Áhrifin mælast svipuð á Vesturlandi og Austurlandi sem verma miðjuna á listanum. Suðurland fylgir þar á eftir.

## 2.2 Spurning 2: Hver er vandinn og hvernig birtist hann?

Í spurningu 2 voru þeir þátttakendur sem svöruðu spurningu eitt játandi, að þau börn sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu standi verr í dag, beðnir um að tilgreina hver vandinn væri og hvernig hann birtist.

Eins og segir í kafla 1.4 voru svörin fjölbreytt en þau voru flokkuð í eftirfarandi þemu:

1. Aukin fátækt.
2. Skert þjónusta.
3. Verri andleg heilsa eða hegðun.

Eftir að flokkun svara í þemu var lokið, var leitast við að flokka þau atriði sem oftast voru nefnd innan hvers þema og er hér á eftir gerð grein fyrir niðurstöðum þeirrar flokkunar.

### 2.2.1 Aukin fátækt

Algengast var að þátttakendur, sem sögðu að þau börn sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu og stæðu verr í dag, nefndu aukna fátækt sem birtingarmynd vandans. Misjafnt var hvort fátæktinni var lýst nánar en margir gerðu það. Svör þeirra sem skýrðu nákvæmar frá voru greind og atriði sem oftast voru nefnd flokkuð sem sjálfstæð þemu. Þannig geta svör þeirra sem tilgreindu nákvæmari lausnir verið talin í fleiri en einu þema.

Eftirfarandi atriði voru oftast nefnd í tengslum við efnahag, raðað eftir fjölda svara (frá því sem oftast var nefnt til þess sem sjaldnast var nefnt):

1. Verri og sýnilegri fátækt.
2. Erfiðara að greiða fyrir mataráskrift eða börn hætta í mataráskrift.
3. Erfiðara að greiða fyrir tómsundur eða börn hætta í tómsundum.
4. Erfiðara að taka þátt í félagslífi sem þarf að greiða fyrir.
5. Börn fara síður til tannlæknis.
6. Staða einstæðra foreldra.

Misjafnt var hvort aukinni fátækt var lýst nánar. Sumir tóku flest þessara atriða fram meðan aðrir nefndu færri eða létu duga að segja að fátækt meðal barna sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu væri sýnilegri.

Greinilegt er að vandinn er mikill hjá sumum. Skólastjóri í Reykjavík lýsir honum svona:

Við vitum af foreldrum sem eru búnir að fá allan þann fjárstuðning sem þjónustumiðstöð og Reykjavíkurborg bjóða en það dugar ekki til. Við vitum af börnum sem fara ekki til tannlæknis, fá ekki gleraugu, eru illa til fara og eiga ekki kost á að nýta sér tómsundastarf vegna fjárskorts.

Margar barnaverndarnefndir nefndu að börn, sem áttu í vanda fyrir kreppu, ættu erfiðara með taka þátt í eða stunduðu minna af tómsundum. Þær nefndu einnig að foreldrar ættu erfiðara með að greiða fyrir eða hætta í mataráskrift í skólanum. Það sama var upp á teningnum hjá grunnskólum.

Starfsfólk grunnskóla og barnaverndarnefnda virðist frekar taka eftir því að börn, sem stóðu höllum fæti fyrir kreppuna, eigi erfiðara með að taka þátt í félagslífi sem kostar. Einnig kemur

fram í svari hjúkrunarfræðings á heilsugæslustöð að þetta sé vandamál og lýsir hann vandanum svona:

Vandinn birtist á þann hátt að börnin hafa síður tök á því að taka þátt í starfi sem krefst einhverra fjárútláta, jafnvel þó mjög lágt gjald þurfi að greiða. Þegar um slíkt er að ræða er fljótt að bera á því að börnin eigi erfiðara félagslega ef þau taka ekki þátt í því sem talið er sjálfsgöður og eðlilegur hlutur.

Starfsfólk heilsugæslustöðva tekur einna helst eftir því að tannheilsu barna sé síður sinnt og einn hjúkrunarfræðingur lýsir vandanum á eftirfarandi hátt:

Samkvæmt upplýsingum frá tannlækni, koma þau börn þar sem foreldrar áttu í fjárhagsvanda fyrir kreppu alls ekki til tannlæknis núna, og þeir sem ekki voru í fjárhagsvanda fyrir kreppu eru núna farin að sleppa árlegum skoðunum, koma bara ef eitthvað er skemmt.

Þá kom það aðallega fram í svörum grunnskóla að staða einstæðra foreldra sé viðkvæmari en annarra þjóðfélagshópa.

## 2.2.2 Skert þjónusta

Aukin fátækt var nefnd sem helsta birtingarmynd verri stöðu barna sem þjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu, en margir nefndu einnig að vandinn birtist í skertri þjónustu við börnin. Misjafnt var hvort tilgreint væri nákvæmlega hvaða þjónustu væri ábótavant eða svar almennt orðað eins og með því að úrræðaleysi ríkti gagnvart börnum í vanda. Sumir nefndu að erfitt væri að fá sálfræðiþjónustu fyrir börn meðan aðrir sögðu að biðlistar hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins væru of langir.

Hér á eftir eru talin þau atriði sem nefnd voru undir þemanu *skert þjónusta* eftir tíðniröð:

1. Úrræðaleysi ríkir gagnvart börnum í vanda.
2. Mál barna sem eiga við erfiðleika að stríða eru of lengi í vinnslu.
3. Niðurskurður á þjónustu bitnar á börnum sem stóðu illa fyrir kreppu.
4. Biðlistar eftir sálfræði- eða geðheilbrigðisþjónustu eru of langir.
5. Úrræðaleysi er hjá barnaverndarnefndum og félagsþjónustu sveitarfélaga.
6. Úrræðaleysi ríkir gagnvart vímuefnavanda ungmenna.
7. Biðlistar á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eru of langir.
8. Mál innflytjenda eru erfiðari í vinnslu.

Skortur á úrræðum virðist vera starfsfólki barnaverndarnefnda á Íslandi ofarlega í huga þegar það er beðið að lýsa því hver sé vandi þeirra barna sem stóðu illa fyrir kreppu og standa verr í dag. Það eru einkum barnaverndarnefndirnar á þéttbýlli svæðum sem verða varar við úrræðaleysið en þetta er það atriði sem flestar barnaverndarnefndirnar nefna. Starfsfólk grunnskóla og margar heilsugæslustöðvar nefna þetta atriði einnig.

Þeir sem starfa með börnum virðast einnig vera nokkuð sammála um að mál barna sem eiga við erfiðleika að stríða séu of lengi í vinnslu en þetta atriði var oft nefnt af starfsfólki grunnskóla, sem og heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda.

Hærra hlutfall heilsugæslustöðva sagði að niðurskurður á þjónustu bitni á börnum sem stóðu illa fyrir kreppu en grunnskóla og barnaverndarnefnda. Þó var þetta atriði nefnt nokkuð oft hjá skólum en síður af starfsfólki barnaverndarnefnda.

Langir biðlistar eftir sálfræði- eða geðheilbrigðisþjónustu voru einnig nefndir sem skýring á því að vandi barna væri meiri nú en fyrir kreppu og einnig var tekið fram að þar sem fleiri börn ættu við kvíða og vanlíðan að stríða væri eftirspurn eftir sál- og geðheilbrigðisþjónustu meiri. Þetta atriði lendir í fjórða sæti í þemanu *skert þjónusta* en flestar heilsugæslustöðvarnar nefna það, jafnframt lendir það fyrir miðju í svörum grunnskóla með tilliti til fjölda svara en neðst hjá barnaverndarnefndum. Eftirfarandi kom fram í svari skólastjóra á landsbyggðinni:

Biðlistar til sérfræðiaðstoðar hafa margfaldast og í raun lokast í marga mánuði sökum niðurskurðar til meðferðaraðila og sú aðgerð hefur „hríslast“ út í samfélagið og lengir í öllum leiðum.

Í fimmta sæti lendir úrræðaleysi barnaverndarnefnda og félagsþjónustu sveitarfélaga og eru það einkum barnaverndarnefndirnar sjálfar sem nefna þetta, þó það komi einnig fyrir í svörum grunnskóla og heilsugæslustöðva.

Þar á eftir fylgir úrræðaleysi gagnvart vímuefnavanda ungmenna og aftur eru það barnaverndarnefndir sem nefna þetta atriði frekar en grunnskólar og heilsugæslustöðvar sem nefna það þó einnig.

Þá nefndu grunnskólar og barnaverndarnefndir að biðlistar á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins séu of langir en þetta kom ekki fram í svörum heilsugæslustöðva.

Það kemur fram í svörum hjá grunnskólum, heilsugæslustöðvum og barnaverndarnefndum að börn sem eiga foreldra af erlendum uppruna séu viðkvæmur hópur. Starfsfólk heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins nefndi til dæmis bága stöðu þessara barna. Í svörunum komu helst fram áhyggjur af því að börnin séu félagslega einangruð. Í svari frá barnaverndarnefnd á höfuðborgarsvæðinu kom þetta fram:

Starfsmenn ... vilja vekja athygli á bágri stöðu barna innflytjenda. Mál þeirra og fjölskyldna þeirra eru að mörgu leyti erfiðari í vinnslu og úrræði sem íslenskum börnum og fjölskyldum þeirra bjóðast, nýtast oft ekki vegna tungumálaerfiðleika. Þannig upplifa starfsmenn stöðu þessara barna mjög slæma og að þau búi við einangrun.

### 2.2.3 Verri andleg heilsa eða hegðun

Að lokum er fjallað um þemað *verri andleg heilsa eða hegðun*. Nokkur atriði voru tilgreind sem dæmi um orsakir eða birtingarmynd, en misjafnt hvort þátttakendur lýstu verri andlegri heilsu og hegðun nánar. Hér á eftir er listi með þeim atriðum sem oftast voru nefnd:

1. Aukinn kvíði og vanlíðan barnanna.
2. Slæm líðan foreldra hefur áhrif á börnin.
3. Aukinn vímuefnavandi.
4. Vanræksla hefur aukist meðal þeirra sem standa illa.
5. Tíðari og/eða erfiðari skilnaðir.

Flestir nefndu að börn sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu þjáist af auknum kvíða og vanlíðan og var þetta atriði algengast í svörum heilsugæslustöðva en kom einnig fram hjá skólum og barnaverndarnefndum en mun sjaldnar. Í svörum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og nokkrum skólum kemur fram að heimsóknum til skólahjúkrunarfræðinga hefur fjölgað til muna og algengt að börnin kvarti undan óljósum einkennum.

Í einstökum svörum grunnskóla, heilsugæslustöðva og barnaverndarnefnda kom fram að slæm líðan foreldra hefði áhrif á börnin en oftast hjá barnaverndarnefndum. Nokkrir skólastjórnendur tóku fram að börn væru meðvituð um fjárhagsáhyggjur foreldra sinna og aðrir tóku fram að styttra væri í pirring hjá foreldrum.

Barnaverndarnefndir og grunnskólar nefna einkum að vímuefnaneysla ungmenna hafi aukist. Í svörum koma fram áhyggjur af auknu umburðarlyndi gagnvart kannabisreykingum og einn skólastjóri segist hafa vísbendingar um:

... aukinn áróður um að „grasið sé ekki hættulegt“ og óhætt að prófa.

Annar skólastjóri hefur þungar áhyggjur af harðari vímuefnaneyslu unglunga og nefnir að í sínum borgarhluta viti hann um nokkur börn:

... í svo alvarlegum vímuefnavanda að segja megi að víman hafi tekið öll völd í lífi þeirra.

Í svörum heilsugæslu og grunnskóla kemur fram að vanræksla barna hafi aukist meðal foreldra þeirra barna sem stóðu illa fyrir kreppuna. Flestir lýsa þessari vanrækslu ekki nánar en í svari frá einum hjúkrunarfræðingi kemur eftirfarandi fram:

Borið hefur á meiri óhreinindum og verra utanumhaldi um börnin. Í ungbarnaverndinni tókum við eftir að inn á heimilin vantar ýmsan nauðsynjabúnað fyrir ungbarnið, svo sem vagna, bílstóla, þvottavélar o.þ.h. Við tókum líka eftir því að úrræðaleysi og framtaksleysi foreldra í erfiðleikum er meira en var og finnum við fyrir uppgjöf á meðal þeirra.

Það kom fram í svörum grunnskóla og heilsugæslu að skilnaðir séu tíðari og að börn komi verr út úr skilnaði en áður. Þá nefndi skólastjóri grunnskóla að talsvert sé um að börn fráskilinna leiti til námsráðgjafa vegna þess að þeim líði illa og að það sé aukning eftir að kreppan skall á.

### 2.2.3.1 Samantekt á svörum við spurningu 2

Undir þemanu *aukin fátækt* var oftast nefnt að fátæktin væri verri og sýnilegri, að erfitt væri að greiða fyrir mataráskrift í skólum, að foreldrar hefðu síður efni á að greiða fyrir tómsundur barna, að börn sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu ættu erfiðara með að taka þátt í félagslífi sem kostar og að börn fari síður til tannlæknis. Þeir hópar sem voru oftast nefndir hvað varðar slæma stöðu voru foreldrar af erlendum uppruna og einstæðir foreldrar. Flestir töluðu reyndar um efnalítið fólk eða efnaminntu fjölskyldurnar.

Undir þemanu *skert þjónusta* var oftast nefnt að úrræðaleysi ríki gagnvart börnum í vanda. Margir nefndu að mál barna sem eigi við erfiðleika að etja væru lengi í vinnslu og var þá átt við hina ýmsu aðila eins og félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarnefnd, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans. Einnig kom fram að niðurskurður á þjónustu hafi bitnað á þessum börnum og að biðlistar væru of langir. Nokkrir útskýrðu nánar í hverju úrræðaleysið væri fólgið og nefndu þá helst að barnavernd og félagsþjónusta hefðu ekki úrræði til að bregðast við. Þá var sérstaklega nefnt úrræðaleysi gagnvart vímuefnavanda ungmenna.

Undir þemanu *verri andleg heilsa eða hegðun* var oftast nefnt að börn væru kvíðnari og sýndu meiri vanlíðan en einnig var nefnt að slæm líðan foreldra hefði áhrif á börnin. Einnig kom fram í nokkrum tilfellum að vímuefnavandi ungmenna hefði aukist, að vanræksla hefði aukist og að skilnaðir væru tíðari en áður.

## 2.3 Spurning 3: Til hvaða aðgerða ætti að grípa að mati starfsfólks til að bæta hag þessara barna?

Á sama hátt og við greiningu á svörum við spurningu 2 eru eingöngu tekin með svör þar sem spurningu 1 var svarað játandi. Í spurningu 3 voru þátttakendur beðnir um að nefna til hvaða aðgerða ætti að grípa til að bæta hag þeirra barna sem stóðu illa fyrir kreppu og stæðu verr nú.

Í svörum við 3. spurningu voru svipuð atriði nefnd og fram komu í svörum við 2. spurningu. Við úrvinnslu svara við 3. spurningu var því stuðst við sömu þemu og í 2. spurningu, en svörin voru flokkuð í tvennt: *Að draga úr fátækt og að standa vörð um þjónustu og hugmyndir til að bæta andlega heilsu og hegðun.* Nánar er greint frá ástæðum flokkunarinnar í kafla 1.4.

Eins og farið var að með spurningu 2 voru svör þeirra sem skýrðu nákvæmar frá sundurgreind og atriði sem oftast voru nefnd flokkuð sem sjálfstæð þemu. Þannig geta svör þeirra sem tilgreindu nákvæmari lausnir verið talin á fleiri en einum stað.

### 2.3.1 Hugmyndir um aðgerðir eða úrbætur til að draga úr fátækt

Þrátt fyrir að flestir hafi bent á sýnilegri fátækt sem helstu birtingarmynd á verri stöðu barna sem stóðu illa fyrir kreppu, sbr. svör við spurningu 2, eru tiltölulega fáir sem tilgreindu leiðir sem tengjast efnahag til að bæta hag barnanna. Þær tillögur sem helst voru nefndar eru eftirfarandi eftir tíðni (frá oftast til sjaldnast):

1. Auka fjárhagsaðstoð vegna barna.
2. Gjaldfrjálsar skólamáltíðir gætu hjálpað illa settum börnum.
3. Efla aðgengi að íþróttum og tómstundum með niðurgreiðslu eða hafa þær gjaldfrjálsar.

Það voru frekar starfsmenn barnaverndarnefnda en grunnskóla og heilsugæslu sem nefndu hugmyndir um aðgerðir eða úrbætur vegna aukinnar fátæktar, en hugmyndir í þessa veru komu vissulega fram hjá hinum, þó síður hjá grunnskólum en heilsugæslu. Framangreind atriði komu fram í svörum frá grunnskólum, heilsugæslustöðvum og barnaverndarnefndum og var tíðnin hjá þeim öllum sú sama.

### 2.3.2 Að standa vörð um þjónustu og hugmyndir til að bæta andlega heilsu og hegðun

Aðrar hugmyndir um aðgerðir eða úrbætur snúast um að efla þjónustu og standa vörð um hana. Listinn hér á eftir er ekki tæmandi en eins og áður segir eru tekin þau atriði sem oftast voru nefnd og náðu að mynda þema, talin upp eftir tíðniröð:

1. Efla úrræði og standa vörð um þau úrræði sem eru í boði.
2. Efla aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu.
3. Auka aðstoð inn í skólana.
4. Aukin samvinna milli þeirra sem koma að þjónustu við börn.
5. Efla félagsþjónustu.
6. Efla úrræði vegna neyslu vímuefna.
7. Stöðva niðurskurð í skólum.
8. Auka úrræði barnaverndar.
9. Efla starf skólahjúkrunarfræðings.
10. Styttu biðlista á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Flestir nefna að almennt þurfi að efla úrræði og standa vörð um þau sem í boði eru en ef aðgerðum var nánar lýst var oftast nefnt að efla aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu og

kom það skýrt fram í svörum allra hópa. Hjúkrunarfræðingur á landsbyggðinni lýsir vandanum á eftirfarandi hátt:

Það er mjög mikilvægt að foreldrum sem búa við mikla fjárhagslega erfiðleika og óvissu bjóðist aðstoð til að geta höndlað erfiðar aðstæður á verðugan hátt og stutt við börnin sín og fjölskyldulíf. Á heilsugæslunni birtist þessi vandi oft með líkamlegum einkennum þó svo að orsökina sé önnur og þá þarf heilsugæslan að hafa önnur úrræði en hefðbundna læknisfræðilega meðferð.

Það að efla þurfi aðstoð inn í skólana kom helst fram í svörum grunnskólanna.

Í svörum heilsugæslustöðva kom helst fram að þörf væri á meiri samvinnu milli þeirra sem koma að þjónustu við börn. Þetta kom einnig fram í svörum barnaverndarnefnda en sjaldnast hjá grunnskólum.

Vert er að benda á að það voru einkum grunnskólar sem tóku fram að efla þyrfti félagsþjónustu en það kom einnig fram í svörum frá heilsugæslu. Þetta atriði var sjaldan nefnt af barnaverndarnefndum, en í kafla 2.2.2 þar sem skýrt er frá svörum við 2. spurningu voru það einkum barnaverndarnefndirnar sem nefndu að úrræðaleyfi ríki hjá barnaverndarnefndum og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Það kom frekar fram í svörum barnaverndarnefnda en hinna tveggja að efla þurfi vímuefnaúrræði. Það er í samræmi við það sem greint var frá í köflum 2.2.2 og 2.2.3 þar sem einkum barnaverndarnefndir nefndu úrræðaleyfi vegna vímuefnavanda og að vímuefnaneysla ungmenna hafi aukist.

Ýmsir tilgreindu það sem hugsanlega lausn á vanda barna sem standa illa að stöðva niðurskurð í skólum og auka þjónustu við börnin á þeim vettvangi. Það að stöðva niðurskurð í skólum lendir fyrir neðan miðju á listanum en það eru frekar grunnskólar og barnavernd sem nefna það en heilsugæslustöðvar. Í svörum frá nokkrum skólastjórnendum kom fram að þeir telja að niðurskurður í skólastarfi auki á vanda barna sem stóðu illa fyrir. Þeir sem komu með dæmi til að rökstyðja mál sitt nefndu meðal annars að í sparnaðarskyni hafi börnum verið fjölgað í bekkjum sem kæmi illa við börn sem eiga í erfiðleikum. Einnig var nefnt að aðkeypt sérfræðiþjónusta hafi verið skorin niður og það bitni á þeim börnum sem stóðu höllum fæti fyrir.

Á sama hátt og það voru frekar grunnskólar og barnaverndarnefndir sem nefndu að stöðva þurfi niðurskurð í skólum þá voru það frekar starfsmenn þessara stofnana en heilsugæslunnar sem nefndu að auka þurfi úrræði barnaverndar.

Það var frekar heilsugæslan sem nefndi að efla þurfi starf skólahjúkrunarfræðinga en grunnskólar og barnaverndarnefndir.

Stytting biðlista á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins kom fram hjá skólum, heilsugæslu og barnaverndarnefndum en þetta atriði lenti hvergi ofarlega enda kemur það að einhverju leyti fram í því að efla þurfi aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu sem og sálfræðingum sem oftast var nefnt.

### **2.3.2.1 Samantekt á svörum við 3. spurningu**

Í 3. spurningu var óskað eftir tillögum til úrbóta til að bæta hag þeirra barna sem stóðu illa fyrir kreppu og standa verr í dag. Í flestum tilfellum byggðu svörin eðlilega á svörum við 2. spurningu þar sem vanda barnanna var lýst. Það var þó ekki algilt. Í spurningu 2 þar sem spurt var hver vandinn væri og hvernig hann birtist var sýnilegri fátækt oftast nefnd. En í spurningu 3 þar sem spurt var til hvaða aðgerða ætti að grípa til að bæta hag barnanna

nefndu flestir að efla þurfi úrræði og standa vörð um þau úrræði sem standa til boða og að efla aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu.

Undir þemanu *hugmyndir um aðgerðir eða úrbætur vegna aukinnar fátæktar* var oftast nefnt að auka þurfi fjárhagsaðstoð vegna barna. Einnig voru gjaldfrjálsar skólamáltíðir nefndar og að efla þurfi aðgengi að íþróttum og tómstundum með niðurgreiðslu eða hafa þær gjaldfrjálsar.

Undir þemanu *hugmyndir um aðgerðir eða úrbætur vegna skertrar þjónustu eða verri andlegrar heilsu eða hegðunar* var ýmislegt nefnt. Þar ber fyrst að nefna hið almenna, að efla þurfi úrræði og standa vörð um þau úrræði sem fyrir eru. Mörgum var hugleikið að efla aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu sem og sálfræðingum og að auka þurfi aðstoð í skólunum. Komið var inn á að meiri samvinna þurfi að vera milli þeirra sem veita börnum þjónustu, að efla félagsþjónustu og úrræði vegna vímuefnaneyslu og stöðva niðurskurð í skólum. Að lokum var nefnt að efla þurfi starf skólahjúkrunarfræðinga og stytta biðlista á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

### 3 Það sem vel er gert

---

Ekki var sérstaklega spurt um það sem vel er gert en í svörum þátttakenda kom margt fram um það, sem er afar ánægjulegt. Á sama tíma og mikilvægt er að skoða hvað mögulegt er að gera til bregðast við vandanum og bæta aðstæður er ekki síður mikilvægt að halda á lofti þeim góðu verkum sem unnin eru víða um landið í þágu barna og ungmenna. Draga má af því lærdóm og taka upp víðar eftir atvikum.

Hér má sjá samantekt á þeim atriðum sem nefnd voru að kæmu börnum vel og eru þegar í boði á vissum svæðum:

- Hafragrautur á morgnana í skólum.
- Gjaldfrjálsar máltíðir í skólum.
- Forvarnarstarf.
- Teymisvinna.
- Sjálfsstyrkingarnámskeið.
- Vinaverkefni.
- Aðstoð við heimanám.
- Öllum gefinn kostur á að njóta ferðalaga og skemmtana óháð fjárhag.
- Þroskaþjálfar og félagsráðgjafar starfa innan skólanna.
- Aðkoma skóla að teymisvinnu félagsþjónustu og heilsugæslu.
- Styrkir úr velferðarsjóðum ætluðum börnum og ungmennum.
- Sálfélagsteymi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja: Teymi sérfræðinga sem sinnir geð- og sálfélagslegri aðstoð með megináherslu á meðferð og ráðgjöf fyrir börn og unglunga. Teymið er í daglegu tali nefnt GOSA teymi.
- Fléttan á Norðurlandi vestra: Verkefnið felur í sér fræðslu til starfsfólks skóla, ráðgjöf til foreldra og önnur úrræði í samræmi við þarfir langveikra barna og barna sem greind eru með ADD eða ADHD.
- Skólasamráð á Norðurlandi eystra: Tilraunaverkefni þar sem verið er að tengja betur heilsufarslegan vanda skólabarna við heilsugæsluna og aðstoða foreldra við að vinna úr vanda sem tengist börnum þeirra.
- Almannaheillahópur á Norðurlandi eystra: Hópur sem hittist mánaðarlega og tekur stöðuna í sveitarfélaginu. Það auðveldar yfirsýn og samráð.
- ABG verkefnið á Austurlandi: Stofnanir sem sinna börnum og unglungum gerðu með sér samstarfssamning. Markmiðið er að auka, bæta og samþætta þjónustu fyrir börn og unglunga sem glíma við hegðunar- eða tilfinningavanda.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru um það sem vel er gert og fram kom í svörum við könnuninni. Ljóst er að margt er þó ótalið og að víða um land eru unnin góð verkefni til stuðnings börnum og unglungum í vanda.



## Lokaorð

---

Meginmarkmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um stöðu barna sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu og að fá tillögur að úrbótum til að bæta hag þeirra. Ekki var spurt um stöðu annarra barna. Þrátt fyrir það innihalda mörg svör ekki einungis upplýsingar um stöðu þeirra barna sem bjuggu við vanda fyrir kreppu heldur einnig annarra barna. Þar sem ekki var spurt um stöðu barna almennt er ekki greint frekar frá þeim niðurstöðum en gert er í kafla 2.1.1 þar sem greint er frá heildarsvörum á landsvísu.

Ýmislegt í svörum gefur til kynna að börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standi verr í dag, en svör frá þátttakendum sem dekkja um 21% barna á Íslandi benda til að bæði börnin sem stóðu illa fyrir kreppu og almennt að börn standi verr í dag. Til viðbótar svara þátttakendur sem standa að baki rúmlega 11% barna að börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standi verr nú. Þannig að svarendur sem þjónusta um 32% barna á Íslandi telja að börnin sem stóðu illa fyrir kreppu standi verr í dag.

Niðurstöður könnunarinnar og ábendingar sem þar koma fram eru mikilvægt innlegg í umræðuna um stöðu barna sem stóðu illa fyrir kreppu á Íslandi og hvernig bregðast má við verri stöðu í dag. Verri staða birtist einna helst í því að fólk hafi minna fé milli handanna sem getur haft neikvæð áhrif á líf barna og meðal annars leitt til félagslegrar einangrunar og verri líðan. Staða fjölskyldna þar sem foreldrar eru af erlendum uppruna eða einstæðir virðist vera sérstaklega viðkvæm í þessu samhengi. Þá eru börn sem standa illa viðkvæm fyrir skerðingu þjónustu sem getur leitt til verri líðan eða að sálrænn vandi vex og verður meiri en ella.

Ýmislegt má gera til að minnka líkurnar á því að vandi barna í áhættuhópum vaxi og mál verði fjölþættari og flóknari en ella. Samkvæmt svörum er mikilvægast að standa vörð og efla úrræði sem lúta að því að bæta andlega heilsu og hegðun þeirra barna sem standa höllum fæti og á þurfa að halda. Afleiðingar þess að búa við þröngan fjárhag og óvissu geta verið líkamleg vanlíðan sem á sér andlegar orsakir og þá er mikilvægt að aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu sé greiður. Bent var á að þörf væri á meiri samvinnu milli þeirra sem koma að þjónustu við börn. Hvað fjárhagsaðstoð varðar þá er mikilvægt að gætt sé að því að öll börn eigi kost á að taka þátt í íþróttum og tómstundum, óháð fjárhag og hafi aðgengi að máltíðum í skóla. Sveitarfélög þurfa sérstaklega að gæta að hækkunum á gjaldskrá og lægri niðurgreiðslum til málaflokka er varðar börn og unglunga. Tryggja þarf aðgengi allra barna að tannlæknaþjónustu burtséð frá fjárhag foreldra.

Að lokum komu fram ábendingar um það sem vel er gert víða um land í þágu barna og ungmenna. Af þeim verkefnum sem bent var á má sjá að aukin samvinna og samþætting þjónustu fyrir börn og unglunga hefur reynst vel. Þá má sjá að víða á landinu fer fram afar gott starf og geta sveitarfélögin og landshlutar lært hvert af öðru og tekið upp og aðlagð verkefni sem vel hafa reynst annars staðar.



**Velferðarvaktin**

4. mars 2011

Til skólustjóra grunnskólanna

Velferðarvaktin var stofnuð í upphafi árs 2009 til að fylgjast með áhrifum efnahagsástandsins á einstaklinga og fjölskyldur og leggja til aðgerðir í þágu heimilanna. Velferðarvaktinni hafa borist upplýsingar um að afleiðingar kreppunnar hafi bitnað harðar á þeim börnum sem bjuggu við vanda og erfiðleika fyrir kreppu og standi þau enn verr í dag. Sjáist þess meðal annars skýr merki í skólastarfi.

Af þessu tilefni fer velferðarvaktin þess góðfúslega á leit við skólustjóra í grunnskólum landsins að þeir svari eftirfarandi spurningum og sendi ráðuneytinu svörin. Mikilvægt er að svörin séu unnin í samstarfi við annað starfsfólk skólanna eftir því sem við á til að tryggja að sem allra flest börn sem áttu í vanda fyrir efnahagshrunið séu höfð í huga.

1. Eru börn eða hópar barna í skólanum þínum sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu og standa enn verr í dag?
2. Hver er vandinn og hvernig birtist hann?
3. Til hvaða aðgerða ætti að grípa að mati skólafólks til að bæta hag þessara barna?

Vinsamlega sendið velferðarráðuneytinu svörin eigi síðar en 15. mars nk. á netfangið: [ingibjorg.broddadottir@vel.is](mailto:ingibjorg.broddadottir@vel.is)

Með góðri kveðju,

Lára Björnsdóttir  
formaður velferðarvaktarinnar

Nánari upplýsingar um velferðarvaktina er að finna hér:  
<http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/>



**Velferðarvaktin**

4. mars 2011

Til framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva og forstjóra heilbrigðisstofnana

Velferðarvaktin var stofnuð í upphafi árs 2009 til að fylgjast með áhrifum efnahagsástandsins á einstaklinga og fjölskyldur og leggja til aðgerðir í þágu heimilanna. Velferðarvaktinni hafa borist upplýsingar um að afleiðingar kreppunnar hafi bitnað harðar á þeim börnum sem bjuggu við vanda og erfiðleika fyrir kreppu og standi þau enn verr í dag. Sjáist þess meðal annars skýr merki í skólastarfi.

Af þessu tilefni fer velferðarvaktin þess góðfúslega á leit við framkvæmdastjóra/forstöðumenn heilsugæslustöðvanna að þeir svari eftirfarandi spurningum og sendi ráðuneytinu svörin. Mikilvægt er að svörin séu unnin í samstarfi við sem flesta starfsmenn heilsugæslunnar sem veita börnum og barnafjölskyldum þjónustu.

1. Standa þau börn sem að mati heilsugæslunnar bjuggu við alvarlega erfiðleika fyrir efnahagshrunið enn verr í dag?
2. Hver er vandinn og hvernig birtist hann?
3. Til hvaða aðgerða ætti að grípa að mati starfsfólks heilsugæslustöðvanna til að bæta hag þessara barna?

Vinsamlega sendið velferðarráðuneytinu svörin eigi síðar en 15. mars nk. á netfangið: [ingibjorg.broddadottir@vel.is](mailto:ingibjorg.broddadottir@vel.is)

Með góðri kveðju,

Lára Björnsdóttir  
formaður velferðarvaktarinnar

Nánari upplýsingar um velferðarvaktina er að finna hér:  
<http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/>



**Velferðarvaktin**

4. mars 2011

Til barnaverndarnefnda og starfsmanna þeirra

Velferðarvaktin var stofnuð í upphafi árs 2009 til að fylgjast með áhrifum efnahagsástandsins á einstaklinga og fjölskyldur og leggja til aðgerðir í þágu heimilanna. Velferðarvaktinni hafa borist upplýsingar um að afleiðingar kreppunnar hafi bitnað harðar á þeim börnum sem bjuggu við vanda og erfiðleika fyrir kreppu og standi þau enn verr í dag. Sjáist þess meðal annars skýr merki í skólastarfi.

Af þessu tilefni fer velferðarvaktin þess góðfúslega á leit við barnaverndarnefndir landsins að þær svari eftirfarandi spurningum og sendi ráðuneytinu svörin:

1. Standa þau börn sem barnaverndarnefndin hafði afskipti af fyrir kreppu enn verr í dag?
2. Hver er vandinn og hvernig birtist hann?
3. Til hvaða aðgerða ætti að grípa að mati barnaverndarnefndarinnar og starfsmanna hennar til að bæta hag þessara barna?


Vinsamlega sendið velferðarráðuneytinu svörin eigi síðar en 15. mars nk. á netfangið: [ingibjorg.broddadottir@vel.is](mailto:ingibjorg.broddadottir@vel.is)

Með góðri kveðju,

Lára Björnsdóttir  
formaður velferðarvaktarinnar

Nánari upplýsingar um velferðarvaktina er að finna hér:  
<http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/>

# Landskort yfir heilsugæslustöðvar og heilbrigðisumdæmi<sup>9</sup>



<sup>9</sup> <http://www.landlaeknir.is/Pages/392>

